

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 21.12.2021

## Fundur 9-2021

---

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar þriðjudaginn 21. desember 2021 kl. 8:00 í Höfðaskóla.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

### **Dagskrá:**

- 1.Fjárhagsáætlun 2022 og 2023-2025 - síðari umræða
- 2.Styrkbeiðnir
- 3.Erindi frá Norðurá bs.
- 4.Vetrarveiði á ref
- 5.Önnur mál

### **Afgreiðsla:**

#### **1. Fjárhagsáætlun 2022 og 2023-2025 - síðari umræða**

Fyrir fundi lá fjárhagsáætlun fyrir 2022 og svo þriggja ára áætlun.

Fjárhagsáætlun Skagabyggðar fyrir árið 2022 rædd og borin undir atkvæði og er samþykkt samhljóða.

Útsvarsprósenta verður 14,52% og fasteignaskattur 0,45% eins og áður var ákveðið. Skatttekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar 98.789.000 kr. og gjöld eru áætluð 109.039.000 kr. Niðurstaða A-hluta er neikvæð um 10.250.000 kr. Niðurstaða A- og B-hluta er neikvæð um 12.471.000 kr.

Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir framkvæmdum við ljósastaura að lögbýlum og lántöku þeim tengdum. Fyrirhugað er að kynna hugmyndina fyrir íbúum á vormánuðum.

Fjárhagsáætlanir fyrir 2023-2025 samþykktar samhljóða. Í áætlunum 2023-2025 er gert ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu öll árin.

#### **2.Styrkbeiðnir**

-Fyrir fundinum lá styrkbeiðni frá Björgunarsveitinni Strönd vegna starfsemi sveitarinnar.

Sveitarstjórn ákveður að veita Strönd 75.000 kr. styrk til rekstrar sveitarinnar.

#### **3.Erindi frá Norðurá bs.**

Fyrir fundinum lá bréf frá stjórn Norðurár bs. þar sem óskað er eftir samþykki aðildarsveitarfélaga að Norðurá bs. komi fram fyrir hönd þeirra vegna gerðar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs, greiði þann kostnað sem í þeirra hlut félli og skipi í starfshóp um málið. Ný svæðisáætlun yrði síðan send hverri sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Sveitarstjórn tók jákvætt í erindið og samþykkti það fyrir sitt leyti.

#### **4. Vetrarveiði á ref**

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 21.12.2021

## Fundur 9-2021

---

---

Sveitarstjórn samþykkir að veita Vigni Björnssyni leyfi til að stunda vetrarveiði á ref í Norðurárdal.

### 5.Önnur mál

Engin önnur mál.

Sveitarstjórn þakkar starfsfólki á vegum sveitarfélagsins fyrir vel unnin störf á árinu og óskar þeim og öllum íbúum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 08:50.

---

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

---

Magnús Björnsson

---

Karen Helga R Steinsdóttir

---

Magnús Guðmannsson

---

Kristján Steinar Kristjánsson